

## L Ö G

um að verja útflutningsgjaldi af síld til hlutaruppbótar sjómönnum.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Verja ber þeim mismun á útflutningsgjaldi af síld, veiddri árið 1934, sem greiddur hefir verið samkvæmt lögum nr. 60 27. júní 1921, og venjulegu útflutningsgjaldi eins og það er á öðrum fiski, til hlutaruppbótar sjómönnum, er veiddu síld á innlendum skipum til verkunar og útflutnings á síðastliðnu sumri.

Uppbótin greiðist þegar út hefir verið flutt síld sú, er söltuð hefir verið eða verkuð á því ári.

## 2. gr.

Hver sá, er saltað hefir eða verkað síld til útflutnings á annan hátt, er skyldur til að gefa ríkisstjórninni, þegar þess er krafizt, sundurliðaða skýrslu um söltun sína og útflutning, og um hve margar tonnur hvert skip hefir lagt í land til verkunar af hverri tegund síldar.

## 3. gr.

Hver sá, er skip gerði út á síldveiðar á síðastl. sumri, er skyldur til að gefa ríkisstjórninni skýrslu, þegar þess er krafizt, um það, hvaða skipverjar eigi hlut úr síld, er lögð hefir verið upp til söltunar af skipi hans eða skipum, og úr hve mörgum tonnnum hver maður á hlut, svo og hver fjárhæð hlutur hvers hefir orðið, og hve lengi skipinu var haldið út.

## 4. gr.

Uppbótin af útflutningsgjaldinu greiðist skipverjum á hverju skipi í hlutfalli við veiði þá, er skipið hefir lagt á land til söltunar og út hefir verið flutt. Skiptist hún milli skipverja, þannig að þeir, sem ráðnir voru fyrir fast kaup eða eigi áttu hlutdeild í verðhækkun aflans, fái eigi uppbót, þeir, sem ráðnir voru fyrir nokkurt kaup og hlut úr afla, fá uppbót, hlutfallslega því minni sem fastakaupið var meiri hluti af kaupum þeirra. Að öðru leyti skiptist uppbót af veiði hvers skips jafnt milli skipverja á því skipi.

## 5. gr.

Ríkisstjórnin skipar einn mann, sjómannafélag Reykjavíkur annan og sjómannafélag Hafnarfjarðar hinn þriðja í nefnd til að sjá um úthlutun uppbótarinnar. Nú verður ágreiningur um úthlutunina, og sker þá ríkisstjórnin úr.

## 6. gr.

57

15. nóv.

Nú vanrækir einhver skyldur sínar um skýrslugjöf, sbr. 2. eða 3. gr., og má þá skylda hann, að viðlögðum dagsektum, allt að 50 kr. á dag, til uppfyllingar á þeim.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Fredensborgarhöll, 15. nóvember 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

58

23. nóv.

um breytingar á lögum nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Á eftir orðunum „4. hvert ár á öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum“ í 6. gr. laganna komi: sbr. þó 32. gr.

## 2. gr.

Á eftir 31. gr. komi ný grein, er verði 32. gr., svo hljóðandi:

Nú hefir í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri, eigi náðst meiri hluti bæjarfulltrúa fyrir kosningu bæjarstjóra, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur atvinnuáráðherra þá ákveðið, að bæj-